



2019

ÁRSSKÝRSLA

ÁVARP FORMANNS	3
HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS	4
Hlutverk	4
Markmið	4
GILDI OG STEFNA SKÓLANS	5
Gildi	5
Gtefna	6
Helstu mælistikur Tækniskólans	7
SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	8
Gæðakerfi	8
Öryggismál	8
Vinnustaðgreining	8
Kennslumat	8
STJÓRN OG STJÓRNENDUR	9
Eigendur og stjórn	9
Stjórnendur	10
SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	11
Kjarnaskóli	11
Tengsl við atvinnulífið	11
Námskeið	11
BRAUTSKRÁNING	13
ÞJÓNUSTA	17
Námsráðgjöf	17
Sálfræðiráðgjöf	18
Forvarnir	19
Félagsmálafulltrúi	19
Jafnréttismál	19
Upplýsinga- og alþjóðadeild	19
Alþjóðamál	20
FÉLAGSLÍFIÐ	21
Stutt um félagslífið	21
Fyrirkomulag og félög	21
Stjórn	21
Markverðir viðburðir á árinu	22
MARKVERÐIR VIÐBURÐIR	23
STARFSMENN	26
Starfsmenn	26
Starfsmannafélag	26
Starfsþróunardagar	26
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	27
Nemendafjöldi	28
Aldursdreifing	29
Brottfall	30
Dreifnám	31
Kynjaskipting	32
Afkoma ársins	36



ÁVARP FORMANNS

Veturinn 2019–2020 verður lengi í minnum hafður vegna útbreiðslu Covid-19 veirunnar og viðbragða við henni. Faraldurinn hafið áhrif á starf Tækniskólans eins og allt annað. Starfsfólk og nemendur stóðu sig frábærlega þegar þau tóku höndum saman um að nýta möguleika fjarnáms og þannig að halda áfram metnaðarfullu skólastarfi þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Skólinn sýndi mikinn styrk þegar á reyndi og er það lofsvert.

Mikill áhugi er hjá ungu fólki á iðn- og tækninámi um þessar mundir eins og mikill fjöldi umsókna um nám í Tækniskólann ber glöggt vitni um. Fólk sækist eftir hagnýtu námi þar sem það öðlast þekkingu og færni til skapandi þátttöku í atvinnulífi og þeirri verðmætasköpun sem þar fer fram. Ábyrgð Tækniskólans er mikil þar sem honum er ætlað að mennta fólk og þjálfa til starfa í umhverfi sem tekur stöðugum breytingum og þar sem samkeppni er mikil og alþjóðleg. Framundan eru gríðarleg umskipti í atvinnulífi vegna hinnar svokölluðu fjórðu iðnbyltingar sem gera auknar kröfur um iðn- og tækniþekkingu fólks. Mikill metnaður er hjá starfsfólki og stjórnendum Tækniskólans til að standa undir þeirri ábyrgð þó aðstæður og umgjörð skólastarfs séu um margt ábótavant.

Skólafirvöld hafa um hríð verið þeirrar skoðunar að ný og framsækin skólabygging fyrir Tækniskólann á einum stað geti stóreflt iðn og tæknimenntun í landinu og skapað forsendur fyrir námi sem býr ungt fólk undir störf á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar. Skólafirvöld hafa undirbúið það verkefni af kostgæfni. Á síðasta ári hafa átt sér stað viðræður við stjórnvöld um nýbygginguna sem enn hafa ekki skilað niðurstöðum. Stjórn skólans telur brýnt að ákvörðun um nýja skólabyggingu verði tekin sem allra fyrst.

Ég vil þakka skólameistara, stjórnendum, kennurum, öðrum starfsmönnum og nemendum vel unnin störf á árinu og stjórn skólans samstarfið. Á þessum óvenjulega vetri sýndi þessi hópur mikla þrautseigju og útsjónarsemi við að halda úti metnaðarfullu námsstarfi. Er það góður vitnisburður um getu til að takast á við krefjandi verkefni við síbreytilegar aðstæður. Fátt er mikilvægara á tímum tæknibyltinga en getan til að takast á við óvæntar aðstæður. Framundan er fjórða iðnbyltingin og henni mun fylgja mikil og hröð umskipti á atvinnumarkaði. Tækniskólinn er sú menntastofnun sem gegna mun lykilhlutverki í að búa íslenskt atvinnulíf undir þær stórtæku breytingar.

Guðmundur Kristjánsson, formaður stjórnar Tækniskólans

HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS

HLUTVERK

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008. Hlutverk Tækniskólans er að mennta nemendur með það að markmiði að nemendur skólans verði eftirsótt starfsfólk í atvinnulífinu. Einnig er það hlutverk skólans að búa þannig að nemendum að þeir verði virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi m.a. með því að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstaða Tækniskólans felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt fólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, tölvu-, vélstjórnar-, skipstjórnar- og sjávarútvegsreinum til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.



GILDI OG STEFNA SKÓLANS



GILDI

Tækniskólinn hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi og rekstri skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé á grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu og starfshátta.

Gildi Tækniskólans eru eftirfarandi:

MENNTUN:

- » Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.
- » Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni.
- » Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

VIRÐING:

- » Við mætum hverjum nemanda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum.
- » Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður.
- » Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

FAGMENNSKA:

- » Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf.
- » Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku.
- » Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

FRAMSÆKNI:

- » Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir.
- » Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta.
- » Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

STEFNA

STEFNA Í KENNSLU OG NÁMI

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti, hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda og eftirliti með ástundun þeirra.



STEFNA Í ÞRÓUN NÁMSBRAUTA

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldsskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

STEFNA UM MANNAUD, ÁNÆGJU NEMENDA OG STARFSMANNA

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

STEFNA UM REKSTUR, SKIPULAG OG HÚSNÆÐI

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

Aðrar stefnur skólans er að finna í gæðahandbók skólans á www.tskoli.is:

- » Forvarnarstefna
- » Heilsustefna
- » Jafnréttisstefna
- » Persónuverndarstefna
- » Starfsmannastefna
- » Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi
- » Stefna í alþjóðamálum
- » Umhverfisstefna
- » Vefstefna
- » Öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna

HELSTU MÆLISTIKUR TÆKNISKÓLANS

ATRÍÐI TIL MÆLINGA	MARKMIÐ MÆLINGA	MÆLISTIKA	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Kennsla og nám													
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	16,53%	15,63%	15,56%	15,31%	15,05%	16,15%	15,70%	15,11%	14,03%	13,57%	13,22%
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	73,55%	75,44%	75,29%	75,44%	73,65%	72,87%	73,41%	72,95%	74,24%	75,35%	78,93%
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	46%	47%	42%	35%	37%	22%	33%	19%	0%	0%	0%
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	n/a	Nýtt	2012	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi
Mannauður													
Viðhorfskannanir - 1 könnun á ári víxl starfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Starfs.	Nem.	Nem.	Stm/nem	Nem.	Stm/nem	Nem.	Nem.	Stm/nem	Starfs.	Starfs.
Heildarniðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,27	4,30	4,22	4,24	4,23	4,22	4,22	4,28	4,25	4,36	4,49
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	n/a	Nýtt	4,17	4,28	4,22	4,21	4,21	4,21	4,17	4,25	4,32
Rekstur													
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	13,3%	15,5%	15,00%	15,80%	14,70%	14,10%	12,60%	22,20%	22,00%	15,23%	12,57%
Meðalnýting í kennsluhópum	Yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	86,85%	90,00%	101%	101%	95%	97%	94%	91%	95%	95%	95%
Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum	Undir 90%	Fjárhagsyfirlit	79,30%	75,90%	75,00%	73,50%	74,90%	76,80%	77,80%	72,90%	70,00%	73,82%	71,00%

SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

GÆÐAKERFI

Gæðakerfi Tækniskólans er vottað samkvæmt ISO 9001:2015 af Vottun hf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfinu. Einnig er kerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu IMO, International Maritime Organization sem Ísland er aðili að.

Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins m.a. með innri úttektum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbótaverkefnum. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans. Gæðahandbók skólans heldur utan um stefnuskjöl og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans. Gæðaskjölin eru einnig gerð aðgengileg öllum á vefsíðu skólans www.tskoli.is.

ÖRYGGISMÁL

Tækniskólanum er umhugað um öryggi og heilsu nemenda og starfsmanna og hefur það að markmiði að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfs-



umhverfi. Fjöldi öryggisúttekta voru framkvæmdar á árinu og var áfram unnið að áhættumati á ákveðnum þáttum skólastarfsins. Skráningar í ábendingakerfi skólans héldu áfram að aukast á árinu svo og skráningar í atvikakerfi skólans, en bæði þessi kerfi voru tekin í notkun 2018. Á árinu var hafin greining á notkun efna í skólanum með það fyrir augum að draga úr notkun skaðlegra efna eins og mögulegt er og að varðveisla efna fari eftir ströngustu kröfum. Ætlunin er að taka nýja viðurkennda efnaskápa í notkun svo og kerfi sem heldur utan um öll efni sem notuð eru í skólastarfinu.

VINNUSTAÐAGREINING

Vinnustaðagreining var framkvæmd á árinu og niðurstöður hennar birtar öllum starfsmönnum skólans.

Svarhlutfall var gott og hafa niðurstöður greiningarinnar verið rýndar og hafin markviss úrbótavinna með þá þætti könnunarinnar sem mældust undir væntingum. Fer sú vinna fram í samstarfi við utanaðkomandi sérfræðinga í mannauðsstjórnun. Skólinn hefur það að stefnu að framkvæma vinnustaðagreiningu meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal nemenda að lágmarki á tveggja ára fresti.

KENNSLUMAT

Skólinn mælir á hverri önn mat nemenda á kennslu og námi með því að leggja fyrir nemendum spurningar er varða nám og kennslu annarinnar. Einkunnir frá einum upp í fimm eru gefnar fyrir hvert svar og er það markmið skólans að einkunnir fari ekki niður fyrir 4.0. Niðurstöður matsins eru af stjórnendum og kennurum nýttar sem vegvísir í kennsluskipulagi. Niðurstöður eru birtar á vefsíðu skólans.

STJÓRN OG STJÓRNENDUR

EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélag hans í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:

ADALMENN Í STJÓRN:		
Guðmundur Kristjánsson	SFS	stjórnarformaður
Bolli Árnason	SI	varaformaður
Hrefna Karlsdóttir	SFS	meðstjórnandi
Agnes Ósk Guðjónsdóttir	SI	meðstjórnandi
Páll Erland	Samorka	meðstjórnandi

VARAMENN Í STJÓRN:	
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	SI
Magnús Þór Ásmundsson	SI
Pálmi Hafþór Ingólfsson	SFS
Heiðrún Lind Marteinsdóttir	SFS
Hjörtur Guðnason	IMFR

RÁDGJAFARÁÐ:	
Guðmundur Ragnarsson	VM
Hallgrímur Gunnar Magnússon	Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina

STJÓRNENDUR

Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:

STJÓRNENDUR SEM SKIPA REKSTRARRÁÐ:	
Hildur Ingvarsdóttir	skólameistari
Guðrún Randalín Lárusdóttir	aðstoðarskólameistari
Björg Jónsdóttir	rekstrar- og fjármálastjóri

AÐRIR STJÓRNENDUR:	
Gunnar Sigurðsson	deildarstjóri fasteigna
Gunnhild Hatlemark Öyahals	gæða- og skjalastjóri
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir	deildarstjóri upplýsingamiðstöðvar
Ólafur Sveinn Jóhannesson	deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar
Ómar Aage Tryggvason	deildarstjóri tölvu- og tæknideildar

SKÓLASTJÓRAR:	
Gunnar Kjartansson	skólastjóri Byggingatækniskólans
Jón Hjalti Ásmundsson	skólastjóri Skipstjórnarskólans og Veltækniskólans
Jóna Dís Bragadóttir	skólastjóri Tæknimenntaskólans á íslenskubraut fyrir útlendinga, tungumál, félagsgreinar og skyndihjálp
Kolbrún Kolbeinsdóttir	skólastjóri Tæknimenntaskólans (í ársleyfi frá haustönn 2019)
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	skólastjóri Upplýsingatækniskólans
Ragnheiður Bjarnadóttir	skólastjóri Handverksskólans (í tímabundnu leyfi)
Ragnhildur Guðjónsdóttir	skólastjóri Endurmenntunarskólans og Tækniakademíunnar
Valdemar G. Valdemarsson	skólastjóri Raftækniskólans
Þorsteinn Kristján Jóhannsson	skólastjóri Tæknimenntaskólans á hönnunar- og nýsköpunarbraut, náttúrufræðibraut og starfsbrautum

SKÓLAR

TÆKNISKÓLANS

KJARNASKÓLI

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samviskusemi. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélækniskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefnin hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir námið.

TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsókna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa verið færðar skólunum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Gjafir sem koma sér vel í kennslu og styðja við námið og auka tengsl við nýjustu tækni og þróun í faggreinunum.


NÁMSKEIÐ

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er m.a. að efla og auka framboð í endur- og

símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf. Endurmenntunarskólinn hefur notið góðs af opnun framtíðarstofunnar 42 og má segja að mörg ný námskeið hafi sprottið fram í tengslum við aðstöðuna þar og þá grósku sem hefur átt sér stað frá opnun 42.




TÆKNISKÓLINN




BYGGINGATÆKNISKÓLINN

- » Húsmíði
- » Húsgagnasmíði
- » Pípulagnir
- » Málaraiðn
- » Múraraiðn
- » Veggfóðrun & dúklögn
- » Tækniteiknun



RAFTÆKNISKÓLINN

- » Rafvirkjun
- » Rafeindavirkjun
- » Rafveituvirkjun
- » Kvikmyndatækni
- » Hljóðtækni




HANDVERKSSKÓLINN

- » Fatatækni
- » Kjólasaumur
- » Klæðskurður
- » Gull- & silfursmíði
- » Hársnyrtiðn




TÆKNIMENNTASKÓLINN

- » Sameiginlegar greinar fyrir alla skóla
- » Hönnunar- & nýsköpunarbraut
- » Náttúrufræðibraut
- » Starfsbraut
- » Íslenskubraut




UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN

- » Grafísk miðlun
- » Ljósmyndun
- » Prentun
- » Bókband
- » Tölvubraut
- » Upplýsinga- & fjölmiðlabraut
- » K2



VÉLTÆKNISKÓLINN OG SKIPSTJÓRNARSKÓLINN

- » Rennismíði
- » Stálsmíði
- » Vélvirkjun
- » Vélstjórn
- » Skipstjórn
- » Flugvirkjun



TÆKNIKADEMÍAN

- » Vefpróun
- » Stafræn hönnun
- » Endurmenntunarskólinn
- » Iðnmeistaránám

BRAUTSKRÁNING

Alls brautskráðust 581 nemendur frá Tækniskólanum á árinu. Fyrri útskriftin var miðvikudaginn 22. maí, þar sem glæsilegur og fjölbreyttur hópur mætti til útskriftar í Eldborgarsal Hörpu. Alls brautskráði skólinn 306 nemendur frá öllum undirskólunum eða 58 brautum sem sýnir mikla fjölbreytni námsins í skólanum.

Brautskráð var frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » *Byggingatækniskólanum*
- » *Handverksskólanum*
- » *Raftækniskólanum*
- » *Skipstjórnarskólanum*
- » *Tæknimenntaskólanum*
- » *Upplýsingatækniskólanum*
- » *Véltækniskólanum*
- » *Meistaraskólanum*

Þar að auki voru nemendur í Margmiðlunar-skólanum og Vefskólanum brautskráðir að loknu tveggja ára diplómanámi til háskólaeininga.

SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari, gerði fjölbreytni í námi skólans, þekkingu, reynslu og fagmennsku að umfjöllunarefni í ræðu sinni. Skólinn er nánast eins og lítið samfélag sem getur rekið sig sjálfstætt með þá kunnáttu sem þar er að finna. Nemendur hafa einnig sýnt það í keppnum sem þeir hafa tekið þátt í að menntun þeirra og kunnátta, sem þeir hafa aflað sér í skólanum, hefur skilað sigri í hverri keppninni á fætur annarri og eru t.d. Íslandsmeistarar margra iðngreina. Einnig láta nemendur til sín taka í félagslífinu og hagsmunamálum nemenda í landinu en tveir nemendur skólans skipa nú formannsembætti og varaformannsembætti í Sambandi íslenskra framhaldsskólanema.

Ræðu Hildar skólameistara má lesa í heild sinni á **vefsíðu** skólans.

NEMENDARÆÐA

Hannes Árni Hannesson, sem var að útskrifast sem stúdent af K2 Tækni- og vísindaleið, flutti nemendaræðu þar sem hann sagði m.a. frá dvöl sinni í Tækniskólanum og traustum vinasamböndum:

„Ég man sérstaklega eftir fyrsta skóladeginum, ég var alveg rosalega stressaður, mig langaði svo mikið að eignast nýja vini og einhvern veginn hélt ég að samnemendur mínir myndu ekki taka vel á móti mér og að það myndi aldrei myndast góður andi hjá okkur. Fyrsti dagurinn átti hins vegar eftir að vera með skemmtilegustu dögum lífs míns“.

SIGURVEGARI Í SÖNGKEPPNI OG HANDVERK NEMENDA SETTI SVIP Á ATHÖFNINA

Aaron Ísak Berry, nemandi Tækniskólans og sigurvegari í Söngkeppni framhaldsskólanna, söng tvö lög við þetta hátíðlega tækifæri. Hildur Ingvarsdóttir skólameistari setti athöfnina, sem Guðrún Randalín Lárusdóttir, aðstoðarskólameistara stýrði. Báðar voru þær klæddar í kjóla sem voru útfærðir og saumaðir af útskriftar-nemendum í kjólasaumi. Við þessa fallegu kjóla báru þær Hildur og Guðrún skartgripni sem nemendur í gull- og silfursmíði smíðuðu.

DÚXINN OG SEMIDÚXAR (TVEIR) KOMU ÖLL ÚR BYGGINGATÆKNISKÓLANUM

Anna Margrét Óladóttir, sem lauk námi í Tækniteiknun, var dux Tækniskólans á vorönn 2019. Semidúxar skólans voru að þessu sinni tveir, annars vegar Margrét Guttormsdóttir, sem einnig lauk námi í Tækniteiknun og Númi Kárasón, sem lauk námi í húsasmíði, en hann er jafnframt Íslandsmeistari í húsasmíði.

Nemendur sem hlutu viðurkenningu fyrir nám og vel unnin störf við útskrift vorið 2019.



Hannes Árni flytur nemendaræðu.



BRAUTSKRÁNING Í DESEMBER

Fjölbreyttur hópur glæsilegra nemenda Tækniskólans mætti til útskriftar í Hörpu miðvikudaginn 18. desember. Alls brautskráðust frá skólanum 275 nemendur af 49 brautum og var yngsti nemandinn 17 ára en sá elsti 61 árs.

Brautskráð var frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » *Byggingatækniskólanum*
- » *Handverksskólanum*
- » *Raftækniskólanum*
- » *Skipstjórnarskólanum*
- » *Tæknimenntaskólanum*
- » *Upplýsingatækniskólanum*
- » *Véltækniskólanum*
- » *Tækniakadémiunni (þ.m.t. Meistaraskólanum)*

FAGFÓLK Í FÁRVIÐRI

Hildur Ingvarsdóttir skólameistari fjallaði m.a. um óveðrið sem skók landsmenn í desember:

„Sem dæmi – eru tveir nýútskrifaðir iðnmeistarar sem hugðust taka við skirteinum sínum í dag staddir norður í landi. Þeir afboðuðu komu sína vegna þeirrar mikilvægu vinnu sem nú á sér stað við að koma kerfunum í lag. Þeir eru í hópi fjölda fagmenntaðra sem hefur unnið sleitulaust undanfarna daga og mun vinna áfram við þá uppbyggingu sem nauðsynleg er í kjölfar þessara veðurhamfara“.

Hún rakti hvernig skipstjórar og vélstjórar sigldu í gegnum öldurót til Dalvíkur til þess að koma á rafmagni þar í samvinnu við rafiðnaðarmenn og vélfræðinga hjá orku- og veitufyrirtækjum. Samhliða ynnu rafvirkjar og rafveituvirkjar hörðum höndum að því að koma loftlínunum í lag, hreinsa línur og tengivirki o.fl. Rafeindavirkjar og hinir ýmsu tæknimenn ynnu að því að koma fjarskiptamálum í lag og fagfólk úr byggingagreinum kæmi jafnframt að viðgerðum og uppbyggingu. Þannig gegni vel menntað fagfólk lykilhlutverki í þeirri miklu vinnu sem framundan er.

LOFTSLAGSMÁL

Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir fékk það verkefni að flytja nemendaræðu við útskrift skólans:

„Ég ætla að vinna við að leysa loftslagsmál og þú mátt stela því svari ef þér list á að vinna að því verkefni með mér. Loftslagsbreytingar eru stærsta ógn mannkynsins á þessari öld, og við munum ekki geta bjargað þeim nema að hver og einn, í sínu fagi, sínu starfi, geri sitt. Það er eitt sem þessi skóli hefur kennt mér, þetta er þverfaglegt vandamál“.

Það skyldi engan undra að Gunnhildur fjalli um loftslagsmál en hún hefur verið mjög iðin við að vekja athygli á þeirri vá sem stafar af loftslagsbreytingum. Þess ber einnig að geta að Gunnhildur er að klára nám við stúdentsbrautina K2 á fimm önnum – í stað sex anna. Hún var m.a. formaður SÍF um tíma sem og formaður Nemendasambands Tækniskólans, hefur setið í Ungmennaráði Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og verið í forsvari fyrir hópi ungmenna sem mótmælt hafa aðgerðarleysi stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá hefur hún látið mikið að sér kveða í nýsköpunarverkefnum.

Gunnhildur Fríða flytur nemendaræðu.



RAFEINDAVIRKI DÚX SKÓLANS – STEFNIR Á KENNARANÁM

Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir er dúx Tækniskólans af rafeindavirkjabraut. Áður en Auður lauk námi í rafeindavirkjun hafði hún klárað hugbúnaðarverkfræði frá DTU í Danmörku og stúdentspróf frá MR.

„Mig langaði bara alltaf að hafa þessa færni í höndunum – að kunna að smíða rafeindarásir – ekki bara teikna þær“.

Lokaverkefnið hjá Auði var Stereo magnari og fjarstýring fyrir magnarann – stofustáss sem Auður vildi smíða og nota heima hjá sér. Það er gaman frá því að segja að Auður hefur áhuga á því að kenna rafeindavirkjun og stefnir hún á nám í kennslufræði.

SEMIÐÚX AF TÖLVUBRAUT

„Næsta mál á dagskrá er tölvunarfræði í HR“ segir Matthías Ólafur Matthíasson semidúx Tækniskólans. Matthías brautskráðist af tölvubraut með framúrskarandi árangur en hann kláraði grunnskólanám í Háaleitisskóla og stefndi alltaf á nám sem tengist forritun. Upphalds forritunarmálið hans er JavaScript.

KONUR Í FLUGVIRKJUN

Diljá Kristjánsdóttir og Erla Björg Valþórsdóttir luku námi í flugvirkjun með framúrskarandi árangri og hlutu verðlaun fyrir. Þetta er í fyrsta skipti sem tvær konur brautskrást sem flugvirkjar frá Tækniskólanum en aðeins örfáar konur starfa við greinina á Íslandi. Þá stunda nú tvær konur nám í flugvirkjun við Tækniskólann og má merkja aukinn áhuga kvenna á greininni.

LJÓSMYNDIR

Ljósmyndarinn og kennari við Tækniskólann Haraldur Guðjónsson Thors tók myndir við útskriftarathöfnina.



Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir með dætrum sínum.



Matthías Ólafur semidúx tekur við verðlaunum.

Flugvirkjar við útskrift vorið 2019, þar á meðal Diljá og Erla.



ÞJÓNUSTA

NÁMSRÁÐGJÖF

Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi. Ráðgjöfin snertir fjölmörg svið skólastarfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri og tekur ráðgjöfin mið af því. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvarar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra.

NÝNEMAR OG FORELDRASAMSTARF

Náms- og starfsráðgjafar liðsinna nýnemum á margvíslegan hátt, m.a. með nýnemaviðtölum við drjúgan hluta nemenda yngri en 18 ára og forráðamenn þeirra. Á árinu kynntu náms- og starfsráðgjafar þjónustu sína í HVAÐ umsjónarhópum, veittu aðstoð í þeim hópum vegna áfangavals næstu annar og voru áfram í góðu samstarfi við umsjónakennara HVAÐ hópanna um ýmis nemendamál.

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í kynningar- kvöldum fyrir forráðamenn nýnema og fundum með forráðamönnum nemenda af erlendum uppruna. Ávallt er lögð áhersla á að bjóða for- eldrum til viðtals og/eða hafa samband í tölvu- pósti eða síma.

KYNNINGARFUNDIR OG FRÆÐSLA

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í fjölda kynninga innan sem utan skólans á starfsárinu. Má þar nefna framhaldsskólakynningu sem haldin var samhliða Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem og kynningar fyrir smærri hópa s.s. Grettistak, Janus, Hringsjá og Brúarskóla. Þá tóku ráðgjafar þátt í Opnu húsi Tækniskólans og Skrúfudeginum líkt og undanfarin ár.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf kom í sína árlegu heimsókn og fengu nemendur kynningu og leiðsögn um skólann. Haustið 2019 tóku ráðgjafar á móti tveimur nemendum námsbrautarinnar í

kynningu og starfsþjálfun í eina viku og gengu frá samningi við Háskóla Íslands um að taka að sér tvo nema í lengri þjálfun á vorönn 2020.

Ráðgjafar tóku á móti erlendum gestum á árinu og komu t.a.m. gestir frá Svíþjóð, Danmörku og Hollandi. Hollendingarnir voru í þriggja daga námsheimsókn hjá náms- og starfsráðgjöfum sem skipulögðu dagskrá þeirra. Tveir ráðgjafar fóru í námsferðir erlendis í gegnum Erasmus+ verkefnið, til Danmerkur og Svíþjóðar. Einn ráðgjafi fór á tengslaráðstefnu til Dublin.

Nemendum og kennurum var boðið í Yoga Nidra/ djúpslökun í tengslum við heilsudaga og starfsþróunardaga kennara, ráðgjafi var viðstaddur opnun Ungmennahúss Hafnarfjarðar, sótti fræðslu unghuga hjá Hugarafli, sat námskeiðið „Verndarar barna“ á vegum Barnaheilla og allir ráðgjafar sóttu fund rektors í HÍ um aukin tengsl á milli skólastiga.

Að lokum má nefna að ráðgjafar tóku þátt í Degi náms- og starfsráðgjafar sem haldinn er ár hvert og var þemað að þessu sinni jákvæð sálfræði og vellíðan.

NEFNDARSTÖRF

Náms- og starfsráðgjafar sitja í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. jafnréttisnefnd, áfallateymi, í teymi um einelti og kynferðislega áreitni og í fagteymi á K2. Á árinu var stofnuð nefnd til að fara yfir foreldrasamstarf í skólanum (foreldraráð og foreldrafélag) og hugmyndir um skólaráð. Náms- og starfsráðgjafi kom að þeirri vinnu ásamt stjórnendum, kennurum og sálfræðingi og er sú vinna enn í gangi.

MÓTTÖKUÁÆTLUN NEMENDA AF ERLENDUM UPPRUNA

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í þróun móttökuáætlunar nemenda af erlendum uppruna og tók nýnemaviðtöl við þann hóp. Einnig sat hann á

fundum skólastjóra ásamt fulltrúum Reykjavíkurborgar sem sinna hælisleitendum. Ráðgjafi tók þátt í þróunarverkefninu „Vinaliðar“ þar sem unnið er að því að auka þátttöku þessa nemendahóps í félagslífi skólans og tengja þá við íslenska nemendur.

ÖNNUR MÁL

Tækniskólinn ákvað að leggja fyrir Framhaldsskólupúlshinn í fyrsta sinn, mælitæki sem metur líðan og skólabrag nemenda í framhaldsskólum. Náms- og starfsráðgjafar voru tengiliðir við verkefnið og framkvæmd þess og hringdu m.a. í nemendur í úrtakshóp. Ráðgjafar voru stjórnendum innan handar varðandi innritun nemenda í skólann og þeirra umsækjenda sem fengu ekki skólavist í neinum framhaldsskóla. Að lokum má nefna að í lok hverrar annar taka náms- og starfsráðgjafar ítarleg viðtöl við nemendur (og forráðamenn nemenda undir 18 ára) sem ná ekki lágmarksárangri á önninni og fá boð um áframhaldandi skólavist með skilyrtum ástundunarsamningi. Gerðir eru 70–90 slíkir samningar á hverri önn.

SÁLFRÆÐIRÁÐGJÖF

Sálfræðiþjónusta hefur nú verið starfrækt við Tækniskólann síðan haustið 2018. Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur var ráðinn til starfa hjá

Tækniskólanum í 60% stöðu frá 8. ágúst 2018, en í fulla stöðu frá 1. nóvember sama ár. Megin tilgangur sálfræðiþjónustunnar er að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti boðið upp á námskeið og fræðslu, og að starfsfólk gæti leitað eftir sálfræðiþjónustu ef svigrúm skapaðist til. Sálfræðiþjónustan er í boði í þremur húsum Tækniskólans, það er, á Skólavörðuholti, við Háteigsveg, og í Hafnarfirði. Boðið er upp á tímabantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tímasetningu sem passar við stundatöflu þeirra. Nemendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýtt sér hana. Samstarf var haft við Landlæknisembættið og gæða- og skjalastjóra skólans um vinnulag, örugga varðveislu persónuupplýsinga og fleira.

Starf sálfræðings við Tækniskólann felst í ýmsu öðru en hefðbundnum viðtölum. Flestir HVAD hóparnir voru heimsóttir á haustönn 2019 og sálfræðiþjónustan kynnt fyrir nýnemum. Boðið var upp á fyrirlestra fyrir nemendur um geðheilsu á heilsudögum skólans og einnig var rætt við foreldra um sama efni í foreldrakaffi vorið 2019. Benedikt fór í heimsóknir í kennslustundir í lífsleikni, en umræðuefni hverju sinni var ákveðið í samráði við hvern og einn kennara. Benedikt sat í stýrihópi heilsueflandi framhaldsskóla, í



eineltisráði skólans, sat fundi með áfallaráði og stýrði vinnuhópi um hvernig mætti virkja foreldra til samstarfs við skólann. Benedikt stýrði einnig starfshópi sem vann að því að finna leiðir til að virkja betur nemendur á íslenskubraut til félagsmála, að þeir nemendur finni sig velkomna og að þeim líði vel í skólanum. Önnur tilfallandi verkefni voru m.a. fundir með kennurum vegna einstakra nemenda og vegna starfsmannamála. Sálfræðingurinn er í nánu samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Tækniskólans, svo og aðra í stoðteymi skólans.

FORVARNIR

Markvisst er unnið að forvörnum í skólanum með fræðslu til nemenda m.a. um skaðsemi tóbaksnotkunar, vímuefna, mikillar tölvuleikjanotkunar, áhrifum ofnotkunar samfélagsmiða og mikilvægi næringar og nægs svefns. Stutt er við forvarnarstarfið með því að bjóða upp á nám í lífsleikni, fræðslu um mataræði og svefn og með því að bjóða upp á hollan og góðan mat í mötuneyti skólans, en skólinn er þátttakandi í samvinnuverkefni Landlæknis „Heilsuefandi framhaldsskóli“. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi.

FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Hlutverk félagsmálafulltrúa er að styðja við og veita Nemendasambandinu og skólafélögunum ráðgjöf. Eins hefur hann það hlutverk að vinna markvisst að eflingu félagslífs innan skólans. Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann.

JAFNRÉTTISMÁL

Við skólann er virk jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsmanna, kennara og nemenda. Einnig var árið 2017 stofnuð jafnréttisnefnd nemenda sem hefur staðið fyrir fræðslu og framförum á sviði jafnréttismála, t.d. hafa verið sett upp kynlaus salerni og vann nefndin að kynningu á átakinu Sjúk ást í samvinnu við Stígámót. Jafnréttisvikan 8.-12. apríl var helguð fræðslu um jafnréttismál í öllum skólabyggingum Tækniskólans. Skólinn vann að vottuðu jafnlaunakerfi.

UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐAÐEILD

Upplýsinga- og alþjóðadeild Tækniskólans er með fjórar vinnustöðvar, á Skólavörðuholti,

Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Skrifstofa skólans og bókasafn eru á Skólavörðuholti en bókasöfn á Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Á Háteigsvegi og í Hafnarfirði er þjónusta skrifstofu veitt á bókasafninu, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5. hæð en skólaskrifstofa á 1. hæð gegnt aðal-inngangi.

Meginhlutverk Upplýsinga- og alþjóðadeildar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu auk þess að sjá um alþjóðamál skólans, sækja um Erasmus+ styrki og hafa umsjón með nýtingu þeirra. Á skólaskrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenn- ingi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölþætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og loka- verkefnum. Á vorönn var tekið á móti þremur hópum nemenda í lífsleikni á Skólavörðuholti og einum í Hafnarfirði, auk þess sem haldnir voru fyrirlestrar um heimildanotkun og ritgerðar- smíð í Margmiðlunarskólanum og fyrir þrjá hópa í íslensku (ÍSLE2GO). Á haustönn var tekið á móti 10 hópum nemenda í lífsleikni, þar af þremur í Hafnarfirði, fimm á Skólavörðuholti og tveimur á Háteigsvegi, auk þess sem haldnir voru fyrirlestrar um upplýsingaöflun og heimildanotkun fyrir nemendur á K2 og í íslensku.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Starfsfólk upplýsinga- og alþjóðadeildar hefur umsjón með grunnskólavali, þ.e. að skrá og halda utan um nemendur í 10. bekk grunnskóla sem velja sér áfanga í Tækniskólanum. Starfsfólk sér einnig um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR:

Skráð eintök í bókasafnskerfið Gegni: 29.065, þar ef eru 23.295 eintök bóka. Heildarútlán:

4.597. Heildarfjöldi lánþega: 461, þ.a. eru 399 nemendur, sem hafa fengið bók, tímarit eða kannski reiknivél að láni á bókasafni skólans. Mun fleiri nemendur notfæra sér þjónustu bókasafns en útlánatölur gefa til kynna, þar er góð aðstaða til hópvinna og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“.

ALÞJÓÐAMÁL

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópusambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn úthlutað 265.274 evrum til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Styrkirnir gera 79 nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í tólf mánuði. Starfsmenn njóta einnig góðs af úthlutuninni, sem gerir þeim mögulegt að fara í þriggja til fimm daga heimsóknir til evrópskra skóla og fyrirtækja.

Á árinu 2019 fóru 92 nemendur í hálfmánaðar námsferðir með kennurum. Flestir hóparnir fóru til Danmerkur en einnig var farið til Bretlands, Þýskalands og Hollands. Sex nemendur tóku hluta af starfsnámi sínu erlendis, frá þremur og upp í tólf mánuði. Þeir nemendur sem fóru utan í starfsnám fóru til Ítalíu, Bretlands, Svíþjóðar og Belgíu. Þeir stunda nám á ýmsum sviðum í Tækniskólanum, s.s. í fataiðni, gullsmíði og hársnyrtiðni. Tveir nemendur í viðbót nýttu styrkinn til að fara á þriggja vikna námskeið til Ítalíu.

Átján starfsmenn nýttu sér styrkina til að heimsækja skóla og fyrirtæki í Evrópu. Tilgangur ferðanna var að kynna nýjungum í starfsmenntun og koma á samstarfi með væntanlegar nemendaheimsóknir í huga.

Skólinn tók einnig þátt í samstarfsverkefnum með öðrum skólum í Evrópu, m.a. verkefni sem var áframhald á verkefni á sviði grænnar hársnyrtingar, en ofnæmi og óþol fyrir kemískum efnum er vaxandi vandamál innan stéttarinnar. Kennarar og nemendur á K2 tóku þátt í verkefni sem felst í því að mæla magn radons í jarðvegi. Nýjasta samstarfsverkefnið sem skólinn tekur þátt í kallast Makers+ og þar er tilgangurinn að búa til kennsluefni fyrir starfsmenn og nemendur í svokölluðum framtíðarstofum (e. FabLab, Makerspace ofl.).



FÉLAGSLÍFIÐ

STUTT UM FÉLAGSLÍFIÐ

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og áhersla er lögð á að markvisst sé unnið að því að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til breiðs hóps nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra.

Í hverjum undirskóla eru starfrækt skólafélög sem standa fyrir margvíslegum viðburðum ætluðum nemendum undirskólanna en heildarsamtök félaganna Nemendasambandið (NST) heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem opnir eru öllum nemendum skólans.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að efla félagslíf skólans. Hefur sú vinna skilað góðum árangri sem hefur sýnt sig m.a. í aukningu á fjölda viðburða, þátttöku nemenda og aukinni virkni skólafélaganna.

FYRIRKOMULAG OG FÉLÖG

Nemendasamband Tækniskólans heldur utan um framkvæmd stærri viðburða í félagslífi skólans. Auk NST eru níu virk skólafélög:

- » Skólafélag Tæknimenntaskólans (NTM)
- » Skólafélag Skipstjórnarskólans (Nemendafélag Stýrimannaskólans)
- » Skólafélag Upplýsingatækniskólans (Eniac)
- » Skólafélag Handverksskólans
- » Skólafélag Margmiðlunarskólans
- » Skólafélag Vél-tækniskólans
- » Skólafélag Raftækniskólans (SRS)
- » Skólafélag Byggingatækniskólans
- » Skólafélag hljóð- og myndtækninema

STJÓRN

Miðstjórn Nemendasambands Tækniskólans (NST) skólaárið 2018–19 skipuðu Ólafur Hrafn Halldórsson, formaður, Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, varaformaður, Oddur Þór Unnsteinsson, ritari, Berglind Marý Egilsdóttir, fulltrúi nýnema og Árni Steinn Sigurðsson, fulltrúi nemenda í Hafnarfirði.

Auk miðstjórnar er fjöldinn allur af nefndum innan NST sem sinna verkefnum í þágu nemenda skólans. Starfandi nefndir á árinu voru:

- » Markaðsnefnd
- » Skemmtinefnd
- » Málfundarnefnd (Gettu betur og Morfis)
- » Videonefnd (Pulsan)
- » Jafnréttisnefnd nemenda
- » Tækninefnd
- » LAN nefnd (LNT)



MARKVERÐIR VIÐBURÐIR Á ÁRINU

Í mars voru í annað skipið haldnar kosningar til miðstjórnar Nemendasambandsins. Tíu nemendur buðu sig fram í þau fjögur embætti sem í boði voru. Huginn Þór Jóhannesson var kosinn formaður, Kaja Gunnarsdóttir varaformaður, Berglind Marý Egilsdóttir ritari og Helena Dís Friðriksdóttir fulltrúi nemenda í Hafnarfirði. Hálfán Helgi Matthíasson var kjörinn af nýnemum sem fulltrúi þeirra í miðstjórn.

Margir skemmtilegir viðburðir voru haldnir á vegum NST og skólafélaga undirskólanna á árinu. Helst ber að nefna árshátíðarballið sem haldið var í febrúar í samvinnu við Nemendafélög Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Fjölbrautaskólans við Ármúla og nýnemaballið sem haldið var í september í samvinnu við nemendafélög Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólans í Ármúla og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Tækniskólinn tók þátt í Morfís og komst liðið í átta liða úrslit en varð að játa sig sigrað gegn liði Menntaskólans í Reykjavík. Átti skólinn einnig fulltrúa í Söngkeppni Framhaldsskólanna, Aaron Ísak Berry, sem gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina. Tækniskólinn keppti í Gettu betur og komst í fyrsta skiptið í sjónvarpskeppnina (8-liða úrslit) og féll þar naumlega úr leik gegn Borgarholtsskóla. Nemendasambandið skipulagði nýnemaferð í

september til Stokkseyrar þar sem gist var eina nótt. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg og þátttakan góð. Tvö tölvuleikjamót (LAN) voru haldin á árinu, eitt á hvorri önn. Annað þeirra var haldið í matsal skólans og hitt í íþróttahúsinu Digranesi. Þessi viðburður hefur verið fastur liður í félagslífi skólans og er sívaxandi.

Eniac, skólafélag Upplýsingatækniskólans, stóð fyrir klúbbakvöldum tvisvar sinnum í mánuði á árinu. Þar gafst nemendum tækifæri til að hittast, kynnast og sinna sameiginlegum áhugamálum sínum. Bíókvöld og spilakvöld voru haldin á tveggja vikna fresti á vegum Nemendasambandsins. Fóru þau hægt af stað en hafa náð miklum vinsældum og eru orðin mikilvægur þáttur í félagslífi skólans. Síðast en ekki síst ber að nefna fjöldann allan af viðburðum og skemmtunum sem skólafélag Vélskólans og Nemendafélag Stýrimannaskólans héldu ýmist í sameiningu eða út af fyrir sig.

Virgni skólafélaganna hefur í gegn um tíðina verið mjög misjöfn en með skipulögðu átaki félagsmálafulltrúa skólans, Þorvalds Guðjónssonar, og Nemendasambandsins hefur starfsemi og þátttaka í félagslífinu innan skólans eflst til muna og er án efa mikilvægur liður í að gera Tækniskólann að enn eftirsóknarverðari vettvangi til framhaldsnáms.



MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Árið 2019 einkenndist af fjölbreyttum viðburðum og keppnum sem nemendur og starfsmenn tóku þátt í, þar á meðal eftirfarandi:

FEBRÚAR



GLÆSILEG NÝSVEINAHÁTÍÐ

- » Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík IMFR stóð fyrir glæsilegri nýsveinahátíð laugardaginn 9. febrúar sl. í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.
- » 22 iðnnemar úr 14 iðngreinum voru verðlaunaðir og þar af 9 úr Tækniskólanum.

HEIMSÓKN RÁÐHERRA

- » Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra kom í heimsókn í Tækniskólann á Skólavörðuholti miðvikudaginn 6. febrúar ásamt hópi starfsfólks úr ráðuneytinu.



MARS



SVARIÐ VIÐ SPURNINGUNNI UM LÍFIÐ, ALHEIMINN OG ALLT

- » Haldin var samkeppni á meðal starfsfólks Tækniskólans um heiti á framtíðarstofuna og bærust um 100 tillögur.
- » Hópur skipaður starfsmönnum, sem komu að opnun og starfsemi stofunnar auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, fóru yfir hugmyndirnar og völdu heiti.
- » Tillaga frá Inga Birni Ingasyni starfsmanni framtíðarstofu varð fyrir valinu - 42 framtíðarstofa Tækniskólans.

FORRITUNARKEPPNIN

- » Forritunarkeppni grunnskólanna var haldin 2. mars 2019.
- » Keppnin er haldin árlega og er opin öllum grunnskólanemendum í 8.–10. bekk sem hafa áhuga á forritun. Þemað árið 2019 var retró tölvuleikir.





ÍSLANDSMÓT Í LAUGARDALSHÖLL

- » Íslandsmót í iðn- og verkgreinum og framhaldsskóla- kynning fóru fram í Laugardalshöll dagana 14.–16. mars.
- » Tækniskólinn var með stórt kynningarsvæði og viðamikla kynningu á námsframboði.
- » Fulltrúar skólans stóðu sig frábærlega á Íslandsmótinu og sigruðu í fjölda greina.

APRÍL



SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

- » Fulltrúi Tækniskólans Aaron Ísak sigraði söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var þann 13. apríl.
- » Aaron söng lag hljómsveitarinnar Oueen - „Love of My Life“.
- » Útbúið var glæsilegt myndband sem Ingi Björn Ingason setti saman og sá um útsetningu á. Helgi Reynir Jónsson spilaði á gítar og Sjana Rut Jóhannsdóttir sá um förðun.

JAFNRÉTTISVIKA

- » Jafnréttisvika Tækniskólans fór fram 8.–12. apríl.
- » Jafnréttisnefnd setti saman fjölbreytta dagskrá og boðið var upp á fræðslu og kynningu í öllum byggingum skólans.

MAÍ



FYRIRTÆKI ÁRSINS

- » Fyrirtækið Ró-Box, sem er í eigu nemenda við Tækniskólann, var valið fyrirtæki ársins 2019 í samkeppni Ungra frumkvöðla (Junior Achievement) á Íslandi.
- » Ró-Box selur róбота-kit fyrir krakka með íslenskum leiðbeiningum og er markmiðið að hjálpa krökkum að læra á tækni og forritun.
- » Ró-Box keppti fyrir hönd Íslands í Evrópukeppni Ungra frumkvöðla, í Lille í Frakklandi dagana 3.–5. júlí 2019, á 100 ára afmæli JA á heimsvísu.


SEPTEMBER

HEILSUDAGAR

- » Heilsudagar voru haldnir 24.–25. september í öllum byggingum Tækniskólans.
- » Boðið var upp heilsueflandi dagskrá sem innihélt fræðslu og kynningar af ýmsum toga.



OKTÓBER



FERÐALAG VINA

- » Tækniskólinn fór í ferðalag með 50 erlenda nemendur af íslensku braut Tækniskólans og 20 íslenska nemendur af hinum ýmsu brautum skólans, sem saman taka þátt í vinaverkefni sem skólinn byrjaði með á árinu.

KUBBURINN - LAN

- » LAN-nefnd Tækniskólans hélt í samvinnu við Tuddann stærsta LAN ársins, Kubburinn, í íþróttahúsinu Digranesi helgina 11.–13. október.



NÓVEMBER OG DESEMBER



SAMSÝNING FRAMHALDSSKÓLANNA

- » Nemendur nokkurra framhaldsskóla héldu fjölbreytta sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- » Þar sýndu þau afrakstur sinn í hönnun, samfélagslegri hugmyndavinnu og nýsköpun.

STARFSMENN

STARFSMENN

Í loks ársins 2019 störfuðu hjá Tækniskólanum 255 starfsmenn í 236,2 stöðugildum, 145 karlar og 110 konur. Þar af voru 16 stjórnendur, 5 í teymi námsráðgjafa og sálfræðings, 172 kennarar, 12 þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra, auk 50 annarra starfsmanna.

Vilbergur Magni Óskarsson lét af störfum sem skólastjóri Skipstjórnarskólans og Véltekni-skólans og við starfi hans tók Jón Hjalti Ásmundsson. Vilbergur Magni starfar áfram sem kennari við skólann.

Kolbrún Kolbeinsdóttir, skólastjóri Tæknimenntaskólans tók sér ársleyfi frá störfum og við hennar starfi tóku þau Jóna Dís Bragadóttir og Þorsteinn Kristjánsson Jóhannsson, en bæði hafa þau starfað sem kennarar við skólann.

STARFSMANNAFÉLAG

Starfsmannafélag er starfrækt í skólanum og stóð félagið fyrir árlegri árshátíð og jólahlaðborði. Þetta árið sáu starfsmenn Tæknimenntaskólans um undirbúning og framkvæmd skemmtana-haldsins sem vel var mætt á og var samdóma álit starfsmanna að vel hafi til tekist.

STARFSÞRÓUNARDAGAR

Dagana 23.-24. maí voru haldnir starfsþróunardagar starfsmanna skólans. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð af mörgum áhugaverðum fyrirlestrum meðal annars um öryggismál, umhverfismál, LEAN, húsnæðismál og skyndihjálp, yoga og margt fleira. Fyrirlesarar voru ýmist starfsmenn skólans eða utanaðkomandi sérfræðingar. Má nefna skemmtilegt erindi Bergþórs Pálssonar, Lífsgleði og velgengni og erindi Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðstöðinni um starfsánægju. Dagskránni lauk svo með sameiginlegum hádegisverði á Fjörukránni eftir gönguferð um Hafnarfjörð.



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR



NEMENDAFJÖLDI

BRAUT NEMENDA		2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	
Byggingatekniskólinn	Almenn námsbraut Byggingatekniskólans	4	4	10	11	11	5	11	3	19	
	Grunnnám tréiðna	11	17	18	12	7	2	55	13	59	
	Húsasmíði	85	82	95	106	116	90	99	113	113	
	Húsagnasmíði	53	48	45	41	50	42	46	31	41	
	Málaraiðn	24	25	25	22	13	21	15	26	22	
	Múriðn	13	27	24	31	34	32	30	44	43	
	Pípulagnabraut	69	42	59	57	71	72	69	81	88	
	Tækniteiknun	51	48	37	31	42	32	36	32	39	
	Veggfóðrun og dúkalagnir	2	1	2						6	8
	Samtals		312	294	315	311	344	296	361	349	432
Handverksskólinn	Almenn námsbraut Handverksskólans	6	11	14	7	10	6	6	7	5	
	Fataiðn	6	14	24	29	24	16	8	19	7	
	Fataækni	59	61	30	30	33	20	29	23	51	
	Gull- og silfursmíði	19	18	15	21	17	19	19	17	23	
	Hársnyrtibraut	113	90	101	82	98	79	85	81	94	
	Skósmíði	1				1	2				
Samtals		204	194	184	169	183	142	147	147	180	
Hönnunarbraut	Almenn námsbraut Hönnunarbraut	5	3							11	
	Hönnunarbraut	64	52	37	28	15	6	4	3	1	
	Hönnunarbraut hraðferð	94	76	20	8	1					
	Hönnunar- og nýsköpunarbraut hraðferð			25	22	21	10	22	19	26	
	Hönnunar- og nýsköpunarbraut			21	28	41	42	46	62	66	
Samtals		163	131	103	86	78	58	72	84	104	
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans	8	6	5	8	12	5	31	10	13	
	Grunnnám rafiðna	133	122	141	127	124	124	182	184	191	
	Grunnnám rafiðna Hraðferð	15	24	14	23	30	7	3			
	Rafeindavirkjun	41	22	44	32	24	15	7	5	7	
	Rafvirkjun	62	50	54	34	48	66	62	66	106	
Samtals		259	224	258	224	238	217	285	265	317	
Skipstjórnarskólinn	Skipstjórn	93	76	67	59	71	94	68	95	109	
Samtals		93	76	67	59	71	94	68	95	109	
Tæknimenntaskólinn	Almenn námsbraut	33	22	3		15	10	4	2	25	
	Íslenskubraut fyrir útlendinga	81	82	66	62	68	63	78	69	83	
	Janus endurhæfing	23	25	19	21	14	9	4	2	1	
	Náttúrufræðiþbraut	10	10	10	6	5	10	11	7	10	
	Náttúrufræðiþbraut - flugtækni	18	18	16	14	24	21	25	25	25	
	Náttúrufræðiþbraut - raftækni	13	13	11	12	11	6	11	13	9	
	Náttúrufræðiþbraut - tölvutækni	14	12	12	7	11	11	11	16	20	
	Starfsnám	47	47	67	59	63	55	51	55	58	
	Stúdentspróf af fagbraut	29	21	16	14	18	20	10	9	5	
	Almennt nám										1
Samtals		268	250	220	195	229	205	205	198	237	
Upplýsingatekniskólinn	Almenn námsbraut Upplýsingatekniskólans	28	21	41	33	36	21	31	19	14	
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	84	92	97	85	80	63	99	98	119	
	Bókband	1	3			2	4	2	1	1	
	Grafísk miðlun	38	26	37	25	32	30	23	22	27	
	Ljósmyndun	15	13	9	8	13	19	11	9	15	
	Prentun	4	1	1	1	3	1		3		
	Tölvubraut	318	296	320	262	251	220	222	194	202	
	K2			26	25	49	45	69	67	65	
Samtals		488	452	531	439	466	403	457	413	443	
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut Véltækniskólans	2	1	4	1						
	Grunnnám málmíðna			30	31	19	11	29	25	24	
	Grunnnám bíliðna	16	12	1							
	Málmíðngreinar, fyrri hluti	28	28	4							
	Rennismíði	8	8	8	11	12	14	5	3	6	
	Stálmíðabaut	7	5	9	7	10	11	12	16	13	
Vélstjórn	190	177	174	169	158	154	141	126	126		
Samtals		251	231	230	219	199	190	187	170	169	
Heild samtals		2038	1852	1908	1702	1808	1605	1782	1721	1991	

ALDURSDREIFING

Alursdreifing í dagskóla. Fjöldi nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Aldur		2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	18 og undir	64	38	86	60	94	63	97	73	137
	19 og yfir	248	256	229	251	250	233	264	276	295
Handverksskólinn	18 og undir	46	27	37	18	29	17	27	24	48
	19 og yfir	158	167	147	151	154	125	120	123	132
Hönnunarbraut	18 og undir	42	24	34	21	32	25	34	23	48
	19 og yfir	121	107	69	65	46	33	38	61	56
Raftækniskólinn	18 og undir	82	47	88	53	73	47	89	61	92
	19 og yfir	177	177	170	171	165	170	196	204	225
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	12	4	8	5	12	6	8	3	6
	19 og yfir	81	72	59	54	60	88	60	92	103
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	130	89	123	88	143	107	145	60	103
	19 og yfir	138	162	99	109	88	98	60	69	50
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	231	147	272	192	284	200	286	171	237
	19 og yfir	257	305	259	247	182	203	171	242	206
Véltækniskólinn	18 og undir	64	42	77	51	66	37	66	44	57
	19 og yfir	205	204	173	184	153	173	147	150	134
Tækniskólinn	18 og undir	671	418	725	488	733	502	752	459	728
	19 og yfir	1385	1450	1205	1232	1098	1123	1056	1217	1201

Hlutfall nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Aldur		2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	18 og undir	21%	13%	27%	19%	27%	21%	27%	21%	32%
	19 og yfir	79%	87%	73%	81%	73%	79%	73%	79%	68%
Handverksskólinn	18 og undir	0%	14%	20%	11%	16%	12%	18%	16%	27%
	19 og yfir	77%	86%	80%	89%	84%	88%	82%	84%	73%
Hönnunarbraut	18 og undir	26%	18%	33%	24%	41%	43%	47%	27%	46%
	19 og yfir	74%	82%	67%	76%	59%	57%	53%	73%	54%
Raftækniskólinn	18 og undir	32%	21%	34%	24%	31%	22%	31%	23%	29%
	19 og yfir	68%	79%	66%	76%	69%	78%	69%	77%	71%
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	13%	5%	12%	8%	17%	6%	12%	3%	6%
	19 og yfir	87%	95%	88%	92%	83%	94%	88%	97%	94%
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	49%	35%	55%	45%	62%	52%	71%	47%	67%
	19 og yfir	51%	65%	45%	55%	38%	48%	29%	53%	33%
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	47%	33%	51%	44%	61%	50%	63%	41%	53%
	19 og yfir	53%	67%	49%	56%	39%	50%	37%	59%	47%
Véltækniskólinn	18 og undir	24%	17%	31%	22%	30%	18%	31%	23%	30%
	19 og yfir	76%	83%	69%	78%	70%	82%	69%	77%	70%
Tækniskólinn	18 og undir	33%	22%	38%	28%	40%	31%	42%	27%	38%
	19 og yfir	67%	78%	62%	72%	60%	69%	58%	73%	62%

Meðalaldur nemenda í dagskóla:

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	24,7	25,1	23,8	25,5	24,0	25,2	23,9	24,7	23,3
Handverksskólinn	24,2	25,5	24,3	26,3	24,8	26,0	23,9	24,5	22,6
Hönnunarbraut	25,3	26,0	22,4	22,0	20,5	20,3	19,1	20,4	18,9
Raftækniskólinn	22,4	23,4	22,3	23,4	22,9	23,2	22,4	23,6	22,5
Skipstjórnarskólinn	25,7	26,9	25,9	27,0	24,8	28,9	27,9	33,1	33,2
Tæknimenntaskólinn	20,9	21,8	20,1	20,8	18,9	19,6	18,2	20,7	19,4
Upplýsingatækniskólinn	20,3	21,1	19,9	20,8	19,5	20,3	19,3	20,1	19,9
Véltækniskólinn	23,3	23,9	21,9	23,1	22,3	23,7	21,6	21,9	21,9
Tækniskólinn	22,7	23,5	21,9	23,1	21,8	22,9	21,5	22,9	22,1

BROTTFALL

Brottfall eininga í fagáföngum skólans:

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	16,4%	11,0%	14,3%	11,9%	18,2%	11,3%	12,9%	16,6%	16,6%
Handverksskólinn	10,4%	11,0%	8,2%	8,8%	11,6%	11,0%	13,9%	12,8%	11,4%
Hönnunarbraut	21,1%	14,4%	23,2%	9,7%	10,2%	7,0%	7,2%	8,1%	8,5%
Raftækniskólinn	15,4%	20,4%	13,9%	19,1%	13,5%	12,8%	14,7%	12,4%	12,7%
Skipstjórnarskólinn	13,9%	7,4%	19,9%	12,6%	15,4%	7,1%	26,3%	16,1%	15,9%
Tæknimenntaskólinn	15,2%	20,9%	12,8%	14,9%	10,4%	11,6%	10,1%	12,3%	11,5%
Upplýsingatækniskólinn	14,0%	13,7%	9,3%	8,5%	10,6%	11,6%	10,3%	9,0%	13,0%
Véltækniskólinn	12,1%	6,6%	10,0%	9,3%	7,8%	10,5%	13,0%	13,1%	7,0%
Tækniskólinn	14,6%	14,0%	12,3%	11,9%	12,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,6%

Brottfall eininga í almennum greinum:

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	34,6%	33,9%	24,3%	24,9%	21,4%	24,7%	16,5%	25,3%	15,1%
Handverksskólinn	30,8%	31,6%	28,2%	36,5%	24,9%	38,4%	22,0%	37,7%	25,2%
Hönnunarbraut	25,2%	15,9%	22,9%	14,2%	24,6%	19,3%	11,2%	21,3%	12,4%
Raftækniskólinn	27,9%	25,7%	24,9%	18,9%	18,7%	16,3%	16,4%	19,9%	14,5%
Skipstjórnarskólinn	27,5%	23,2%	19,0%	30,0%	17,2%	13,3%	29,5%	30,7%	49,1%
Tæknimenntaskólinn	11,5%	20,1%	13,5%	9,0%	7,3%	14,1%	7,4%	11,6%	10,2%
Upplýsingatækniskólinn	21,7%	23,3%	20,2%	17,4%	14,3%	19,1%	13,5%	19,2%	14,3%
Véltækniskólinn	15,5%	16,1%	15,6%	15,6%	14,3%	15,7%	15,3%	13,0%	10,9%
Tækniskólinn	21,6%	23,3%	20,2%	18,0%	15,7%	18,8%	14,4%	19,0%	14,6%

DREIFNÁM


Fjöldi nemenda í dreifnámi:

	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	41	80	71	95	88	109	66	96	100	117
Meistaraskólinn	169	198	199	216	260	269	260	244	223	248
Raftækniskólinn	26	38	47	91	82	119	115	83	98	112
Skipstjórnarskólinn	182	154	164	159	160	163	146	143	104	85
Tæknimenntaskólinn	79	39	28	41	16	86	26	19	5	
Upplýsingatækniskólinn	60	64	42	32	100	94	34	21		16
Véltækniskólinn	29	28	52	36	37	47	78	56	31	17
Tækniskólinn	586	601	603	670	743	887	725	662	561	595


Meðalaldur nemenda í dreifnámi:

	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H
Byggingatækniskólinn	36,2	35,4	35,6	35,3	33,3	34,3	35,3	31,0	36,6	38,6
Meistaraskólinn	36,4	35,8	36,7	36,6	37,5	37,1	36,7	36,6	36,8	37,0
Raftækniskólinn	33,3	30,2	31,9	32,5	32,7	30,6	32,3	32,8	33,9	34,9
Skipstjórnarskólinn	34,5	32,3	32,1	33,8	34,0	32,3	35,4	34,8	39,8	38,8
Tæknimenntaskólinn	30,4	33,0	39,5	36,8	38,6	36,9	36,7	38,7	39,2	
Upplýsingatækniskólinn	30,0	29,9	29,2	35,0	39,4	28,1	38,1	27,6		35,6
Véltækniskólinn	38,3	34,3	37,2	34,4	36,2	33,1	35,2	33,5	30,7	36,8
Tækniskólinn	34,3	33,6	34,6	35,0	35,9	33,8	35,5	34,4	36,5	37,1


KYNJASKIPTING






Kynjaskipting í dagskóla - Handverksskólinn



Kynjaskipting í dagskóla - Raftækniskólinn







AFKOMA ÁRSINS

Heildartekjur ársins 2019 voru 4.293,9 milljónir, þar af sértekjur 539,8 milljónir. Rekstrargjöld námu 4.178,1 milljón, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 3.049,4 milljónum. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 48,4 milljónum og hagnaður ársins því 67,3 milljónir króna.

Launahlutfall lækkar á milli ára, úr 73,82% í 71,0%.

Í árslok voru eignir 1.001,1 milljón króna og eigið fé 598,8 milljónir. Eiginfjárhlutfall er 59,3% og hækkar um 4,4% á milli ára.

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrartekjur			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs		3.754.061.879	3.551.412.254
Aðrar tekjur og styrkir		<u>539.811.659</u>	<u>638.478.471</u>
		<u>4.293.873.538</u>	<u>4.189.890.725</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna		3.049.429.559	3.093.258.330
Rekstur húsnæðis		813.403.007	578.851.245
Rekstur flugvéla og flughermis		0	70.796.355
Annar rekstrarkostnaður		<u>315.260.468</u>	<u>330.068.628</u>
		<u>4.178.093.034</u>	<u>4.072.974.558</u>
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði		115.780.504	116.916.167
Afskrift viðskiptavildar	2	4.125.000	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3	<u>58.403.015</u>	<u>64.870.811</u>
		<u>62.528.015</u>	<u>64.870.811</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		53.252.489	52.045.356
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		18.623.134	18.226.229
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður		(4.611.574)	(7.662.475)
Gengismunur		106.239	1.672.882
Söluhagnaður vegna Flugskóla Íslands		0	146.043.617
		<u>14.117.799</u>	<u>158.280.253</u>